

1973 nr. 13 13. apríl**Lög um Hapdrætti Háskóla Íslands**

Tóku gildi 14. maí 1973. *Breytt með* L. 96/1974 (tóku gildi 30. des. 1974), L. 55/1976 (tóku gildi 11. júní 1976), L. 23/1986 (tóku gildi 12. maí 1986), L. 77/1994 (tóku gildi 30. maí 1994), L. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), L. 127/2003 (tóku gildi 30. des. 2003), L. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005) og L. 75/2006 (tóku gildi 30. júní 2006).

■ **1. gr.** Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Háskóla Íslands [leyfi]¹⁾ til rekstrar hapdrættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a. [Hlutatalan má ekki fara fram úr 60.000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur 1. flokks í janúarmánuði og 12. flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út 4 flokka hlutamiða, sem greinist að með bókstöfunum E, F, G og H, en auk þess er heimilt að gefa út sérstakan flokk, B-flokk, sem hafa skal fimmfalt gildi á við hvern hinna flokkanna, bæði að því er varðar endurnýjunariðgjald og fjárhæð vinninga.]²⁾

b. Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum hapdrættisráðs og hapdrættisstjórnar Háskólans.

c. Vinningar skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlaga að meðaltali, og skal vinningsfjárhæð nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum.

d. [Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem dómsmálaráðherra skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurd á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber hapdrættið.]³⁾

e. [[Leyfi]¹⁾ til að reka hapdrættið má veita til 1. janúar 2019.]⁴⁾ Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginganna, til feigrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir Háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. [Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í leyfisgjald, þó ekki hærri fjárhæð en 150.000.000 kr.]⁵⁾

□ [Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að veita Háskóla Íslands [leyfi]¹⁾ til rekstrar skyndihapdrættis með peningavinningum, svo og peningahapdrættis sem ekki yrði rekið sem flokkahapdrætti. Ágóða af rekstri þessum skal

varið til starfsemi Háskóla Íslands svo sem segir í e-lið 1. mgr.]⁶⁾

□ [Dómsmálaráðherra getur heimilað að við starfsemi skv. 1. og 2. mgr. séu notaðar sérstakar hapdrættisvélur þannig að þátttaka, ákvörðun um vinning og greiðsla á honum fari fram vélrænt og samstundis og enn fremur að slíkar hapdrættisvélur séu samtengdar, einstakar vélar og á milli sölu-staða. Dómsmálaráðherra setur með reglugerð⁷⁾ m.a. nánari ákvæði um staðsetningu, auðkenningu, fjölda og tegundir hapdrættisvéla, eftirlit með þeim, notkun mynta og seðla við greiðslu fyrir þátttöku, fjárhæð vinninga og aldur þeirra sem mega nota vélar. Lágmarksaldur þátttakenda skal þó vera 16 ár.]⁸⁾

¹⁾ L. 75/2006, 1. gr. ²⁾ L. 96/1974, 1. gr. ³⁾ L. 55/1976, 1. gr. ⁴⁾ L. 127/2003, 1. gr. ⁵⁾ L. 75/2006, 2. gr. ⁶⁾ L. 23/1986, 1. gr. ⁷⁾ Rg. 455/1993, sbr. 401/2007. ⁸⁾ L. 77/1994, 1. gr.

■ **2. gr.** Á meðan hapdrættið starfar, er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahapdrætti hér á landi, svo og að versla með eða hafa á boðstólum miða erlendra hapdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til hapdrættis, sem stofnað er til í góðgerðarskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t.d. fyrir eitt sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

■ **3. gr.** Enginn má selja hlutamiða hapdrættisins nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu hapdrættisins, og öll önnur verslun með miðana er bönnuð. Ráðherra er heimilt að leyfa hapdrættinu að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða.

■ **4. gr.** Vinningar í hapdrættinu eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum . . . ¹⁾

¹⁾ L. 129/2004, 39. gr.

■ **5. gr.** Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi hapdrættisins.¹⁾

¹⁾ Rg. 348/1976, sbr. 96/1980, 85/1981, 374/1991, 638/1995, 654/1995, 625/1996, 705/1997, 688/1998, 790/2000, 907/2000, 991/2003 og 1118/2005. Rg. 410/1991, sbr. 22/1992, 139/1992, 193/1992, 406/1992, 496/1993 og 595/1994. Rg. 455/1993, sbr. 529/2001, 818/2004, 362/2007 og 401/2007.

■ **6. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum eða [fangelsi allt að 2 árum].¹⁾

¹⁾ L. 82/1998, 163. gr.

■ **[7. gr.]** Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna er vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga og hapdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna heimilt að greiða út vinninga úr flokkahapdrættum í peningum.]¹⁾

¹⁾ L. 75/2006, 3. gr.